

Á félagsfundi Sambands íslenskra sjóminjasafna voru málefni Kútters Sigurfara rædd.
Þjóðminjavörður hafði óskað eftir umsögn SÍS um málið og var nýjum formanni falið að senda eftirfarandi umsögn:

Óskað hefur verið eftir umsögn Sambands íslenskra sjóminjasafna (SÍS) um málefni Kútters Sigurfara sem varðveittur er á Byggðasafninu í Görðum, Akranesi. Á félagsfundi sambandsins sem haldinn var á Siglufirði laugardaginn 24. október sl. var fjallað um tillögu Þjóðminjasafns Íslands (ÞÍ) sem send var Akraneskaupstað 13. september sl..

Í áraráðir hefur verið reynt að vinna að lausn er varðar varðveislu Kútters Sigurfara en án árangurs. Á meðan hefur ástand skipsins versnað með hverju árinu og er nú svo komið að ástand þess er orðið mjög bágborið. Í erindi ÞÍ er lagt til að Kúttur Sigurfari verði tekinn í sundur, allur efniviður hans nákvæmlega skráður og mældur, hluti af honum varðveittur auk þess sem sett verði upp sýning um sögu skipsins. Þá er jafnframt tekið fram að kostnaður við að byggja yfir Kúttur Sigurfara og ráðast í endursmíði á honum sé afar mikill og þeirri spurningu velt upp hvort sá kostnaður geti talist réttlætanlegur. Hvorugri leiðinni fylgir kostnaðaráætlun, en að mati félagsfundar SÍS er algert grundvallaratriði að slíkar áætlanir liggi fyrir svo hægt sé að bera saman kostnað við endurgerð skipsins og yfirbyggingu annars vegar og framkvæmd við tillögu ÞÍ hins vegar. En gera má ráð fyrir því að afar kostnaðarsamt verði að ráðast í varðveislu- og miðlunarverkefnið sem lagt er til í bréfi ÞÍ. Það er því nauðsynlegt að unnar verði kostnaðar- og fjármögnunaráætlanir gagnvart báðum leiðum og þeim fylgi nánari greinargerð um mat sérfræðinga á ástandi Kúttersins til þess að hægt verði að taka vel ígrundaða ákvörðun í málinu.

Það er mat félagsfundar SÍS, að með því að varðveita Kúttur Sigurfara og vinna að endursmíði hans sé á sama tíma stigið mikilvægt skref til varðveislu íslenskrar verkþekkingar við bátasmíði, en sú þekking á undir mikið högg að sækja og ætti það að vera keppikefli minjavörslunnar í landinu að styðja við slíkt verkefni. Þá er það sömuleiðis mat fundarins að verði Kútturinn tekinn í sundur eins og lagt er til glattist dýrmætur minnisvarði um sögu þilskipa við Íslandsstrendur. Leggur félagsfundurinn áherslu á að leitað verði allra leiða til þess að varðveita Kúttur Sigurfara, byggt verði yfir hann og ástandi hans komið í viðunandi horf.

Örlygur Kristfinnsson, Síldarminjasafni Íslands
Jón Sigurpálsson, Byggðasafni Vestfjarða
Hafliði Aðalsteinsson, Bátasafni Breiðafjarðar
Steinunn María Sveinsdóttir, Síldarminjasafni Íslands
Pétur Kristjánsson, Tækniminjasafni Íslands
Anita Elefsen, Síldarminjasafni Íslands
Helgi Máni Sigurðsson, Borgarsögusafni Reykjavíkur
Rósa Margrét Húnadóttir, formaður Sambands íslenskra sjóminjasafna